

Ed. 227. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 5 7. marz 1962, um sveitarstjórnarkosningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, skulu gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem sveitarstjórnarlög nr. 58/1961 og lög þessi ákveða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 81 23. júní 1936 eru úr gildi fallin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögnum um sveitarstjórnarkosningar frá 1962 gildir sú meginregla, að lög um kosningar til Alþingis gilda um sveitarstjórnarkosningar, eftir því sem við á. Sveitarstjórnarkosningalögin frá 1962 mæla fyrir um frávík frá lögum um kosningar til Alþingis.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961 eru einnig nokkur ákvæði, sem varða sveitarstjórnarkosningar, svo sem t. d. ákvæðin um kjördaga, sem afbrigðileg eru þeim ákvæðum, sem gilda um kosningar til Alþingis.

Með orðalagsbreytingu þeirri, sem lagt er til með frumvarpi þessu, að gerð verði á 1. gr. laga nr. 5/1962, um sveitarstjórnarkosningar, er leitast við að gera ákvæði þessi gleggri, svo að misskilningur í sambandi við framkvæmd komi síður til greina.

Þegar frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar var samþykkt á Alþingi, féll niður í meðferð málsins á Alþingi ákvæði um afnám eldri sveitarstjórnarkosningalaga. Í nýútkomnu lagasafni eru því birt lög frá 1936, sem féllu úr gildi með lögum nr. 5/1962. Nauðsynlegt er, að fella þau lög úr gildi berum orðum, eins og lagt er til að gert verði í 2. gr. þessa frumvarps, svo að ekki orki tvímælis, hvaða lög gilda um þessi efni.